

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 62/2024

frá 15. mars 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2088 frá 28. september 2023 um að samþykkja hvarfmassa N,N -dídekýl- N -(2-hýdroxýetýl)- N -metýlammóníumprópíónats og N,N -dídekýl- N -(2-(2-hýdroxýetoxý)etýl)- N -metýlammóníumprópíónats og N,N -dídekýl- N -(2-(2-(2-hýdroxýetoxý)etoxý)etýl)- N -metýlammóníumprópíónats sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2596 frá 21. nóvember 2023 um endurnýjun á samþykki fyrir própíkónasóli sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2620 frá 24. nóvember 2023 um að samþykkja brennisteinstvíoxíð sem er búið til úr brennisteini með bruna sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2643 frá 27. nóvember 2023 um að samþykkja maurasýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2622 frá 24. nóvember 2023 um að samþykkja ekki silfursinkseólít sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 241, 29.9.2023, p. 99.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2596, 22.11.2023.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2620, 27.11.2023

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2643, 28.11.2023.

vöruflokki 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁵⁾.

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2630 frá 27. nóvember 2023 um óleyst andmæli varðandi skilmála fyrir veitingu leyfis fyrir sæfivörunni Procalx í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2648 frá 27. nóvember 2023 um að samþykkja ekki silfurseólít sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2672 frá 27. nóvember 2023 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldu sæfivaranna INTEROX Biocidal Product Family 2 sem vakið var máls á í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁸⁾.
- 9) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzzzu (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2386) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzzzzzv. **32023 R 2088:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2088 frá 28. september 2023 um að samþykkja hvarfmassa N,N-dídekýl-N-(2-hýdroxýetýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-hýdroxýetoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-(2-hýdroxýetoxý)etoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 241, 29.9.2023, bls. 99).

12zzzzzzzzzw. **32023 R 2596:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2596 frá 21. nóvember 2023 um endurnýjun á samþykki fyrir própíkónasóli sem virku efni til

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2622, 28.11.2023.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2630, 29.11.2023.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2648, 29.11.2023.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2672, 29.11.2023.

notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2023/2596, 22.11.2023).

12zzzzzzzzzx. **32023 R 2620:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2620 frá 24. nóvember 2023 um að samþykkja brennisteinstvíoxíð sem er búið til úr brennisteini með bruna sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2023/2620, 27.11.2023).

12zzzzzzzzzy. **32023 D 2622:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2622 frá 24. nóvember 2023 um að samþykkja ekki silfursinkseólít sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2023/2622, 28.11.2023).

12zzzzzzzzzz. **32023 D 2630:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2630 frá 27. nóvember 2023 um óleyst andmæli varðandi skilmála fyrir veitingu leyfis fyrir sæfivörunni Procalx í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2023/2630, 29.11.2023).

12zzzzzzzzzza. **32023 R 2643:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2643 frá 27. nóvember 2023 um að samþykkja maurasýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2023/2643, 28.11.2023).

12zzzzzzzzzzb. **32023 D 2648:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2648 frá 27. nóvember 2023 um að samþykkja ekki silfurseólít sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2023/2648, 29.11.2023).

12zzzzzzzzzzc. **32023 D 2672:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2672 frá 27. nóvember 2023 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldu sæfivaranna INTEROX Biocidal Product Family 2 sem vakið var máls á í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2023/2672, 29.11.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/2088, (ESB) 2023/2596, (ESB) 2023/2620, (ESB) 2023/2643 og framkvæmdarákvarðana (ESB) 2023/2622, (ESB) 2023/2630, (ESB) 2023/2648 og (ESB) 2023/2672, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.